

Fundargerð samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn á Café Riis á Hólmavík, fimmtudag 29. janúar kl 15.30.

Mætt voru Sigurður Hreinsson, formaður, Ingibjörg Benediksdóttir, Karl Kristjánsson og Pétur G Markan. Forföll boðaði Nanný Arna Guðmundsdóttir og sat Pétur G Markan fundinn í hennar stað. Ásgeir Jónsson var einnig forfallaður þar sem ekki tókst að ljúka mokstri á vegi um á Kletthálsi. Auk þess sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð nefndarmenn velkomna til þessa fyrsta fundar nefndarinnar. Hann kynnti dagskrá fundarins og kynnti dagskrárbreytingu um að bjóða Gunnari Braga Sveinssyni, 1. þingmanni Norðvestur kjördæmis og utanríkisráðherra og Sunnu Gunnars Marteinsdóttur aðstoðarmanni ráðherra, til að sitja upphaf fundarins, en þau voru stödd á Hólmavík í öðrum erindum.

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu megináherslur í samgöngumálum á Vestfjörðum á grundvelli samþykktar 59. Fjórðungspings Vestfirðinga og að þeim áherslum verði fylgt eftir nú við undirbúning þingsályktunar um samgönguáætlun. Sérstaklega voru tiltekin mál er varðar Vestfjarðarveg 60 í Gufudalssveit, Dýrafjarðargöng, nýframkvæmdir á Strandavegi í Árneshrepp, flugvöll á Gjögri og útboð á „ríkisstyrktu“ áætlunarflugi.

1. þingmaður sagði það eindreginn vilja stjórnvalda að halda þessum verkefnum í áfram í þeirri forgangsröð sem fyrir lægi í núverandi samgönguáætlun, 2011-2022 þ.m.t. að framkvæmd við Dýrafjarðargöng hefjist við lok framkvæmda Norðfjarðargangna. Alþingi hefði við afgreiðslu fjárlaga 2015 aukið fjármagn til nýframkvæmda og til viðhalds flugvalla og horfði til þeirra verkefna er varða Árneshrepp. Gunnar Bragi hvatti sveitarfélögin einnig að halda tilgreindum málum í umræðu og hann myndi fyrir sitt leyti að taka þau upp á fundi með innanríkisráðherra á næstu dögum.

Formaður þakkaði Gunnari Braga fyrir að koma til fundar með litlum fyrirvara og svör við spurningum nefndarmanna.

Gengið til dagskrár.

1. Kynning á starfssviði samgöngunefndar
Framkvæmdastjóri kynnti starfssvið nefndarinnar sem byggir á samþykktum FV og munnlegum starfsreglum sem hafa skapast í starfi nefndarinnar.
2. Staða verkefna
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu og núverandi stefnumörkum í eftirfarandi málaflokkum.
 - a. Vegamál og þjónusta
Vísað til skýrslna samgöngunefndar FV 2010-2014 og umsagnir FV til Alþings vegna samgönguáætlunar 2011-2022 og 2013-2016.
 - b. Almenningsamgöngur
Vísað til greinargerðar FV til Vegagerðarinnar frá apríl 2014.

- c. Flugmál
Vísad til kynningar ISAVIA á stöðu innalandsflugs frá október 2014 og til skýrslna samgöngunefndar FV 2010-2014 og umsagnir FV til Alþings vegna samgönguáætlunar 2011-2022 og 2013-2016
- d. Fjarskiptamál
Vísad til kynningar starfshóps um fjarskiptaöryggi frá október 2014 og til skýrslna samgöngunefndar FV 2010-2014 og umsagnir FV til Alþings vegna fjarskiptaáætlunar 2011-2022
- e. Siglingarmál
Vísad til skýrslna samgöngunefndar FV 2010-2014 og umsagnir FV til Alþings vegna samgönguáætlunar 2011-2022.

3. Undirbúningur samgönguáætlunar

Markmið fyrir samgönguáætlun til fjögurra ára og til tólf ára verða kynntar nú á næstu vikum og stefnt er að þingsályktun verði lögð fram á vorþingi eða í síðasta lagi á komandi haustþingi. Verkefni samgöngunefndar er að hafa áhrif á mótun áætlunarinnar og gefa umsögn þegar málið verður lagt fram á Alþingi.

Við stefnumörkun verði nefndin stækkuð með því að taka inni varafulltrúa í samgöngunefnd þannig að fulltrúar verði frá öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum. Tekið verði mið af ályktunum 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga um samgöngumál.

a. Samgönguáætlun 2015-2018

Rætt um verkefni sem ættu að vera inni á fjögurra áætlun.

b. Samgönguáætlun 2015-2026

Rætt um verkefni sem ættu að vera inni á tólf áraáætlun

Framkvæmdastjóra falið á grundvelli umræðu, að vinna kort af Vestfjörðum þar sem dregin verði fram mynd af stöðu vegakerfisins og verkefni sem setja ætti á áætlun og forgangsröðun þeirra.

4. Önnur mál

a. Samgönguþing 19. febrúar 2015

Kynnt hefur verið á vef innanríkisráðuneyti að umferðar- og samgönguþing verða haldin fimmtudaginn 19. febrúar n.k., í Hörpu í Reykjavík. Þingin eru skipulögð af innanríkisráðuneytinu, samgönguráði og Samgöngustofu. Samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra falið að sækja þingið.

Formaður bar upp tillögu.

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga þakkar formanni og fráfarandi fulltrúum í samgöngunefnd FV fyrir vel unnin störf að skilgreiningu verkefna og mörkun stefnu í samgöngu og fjarskiptamálum. Ný samgöngunefnd tekur við góðu búi sem mun nýtast vel í störfum hennar á komandi árum. Tillagan samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18.30.